



Fréttatilkynning  
27 November 2023 11:22:00 GMT

## Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 26. október 2023 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar sem upphaflega var tilkynnt um þann 17. febrúar 2023.

Í viku 47 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 1.312.944 eigin hluti að kaupverði alls kr. 138.520.090 eins og nánar er greint frá hér á eftir:



Fréttatilkynning  
27 November 2023 11:22:00 GMT

| Vika | Dagsetning | Tímasetning viðskipta | Keyptir hlutir   | Viðskiptaverð | Kaupverð (kr)      | Hlutir í eigu Íslandsbanka eftir viðskipti |
|------|------------|-----------------------|------------------|---------------|--------------------|--------------------------------------------|
| 47   | 20.11.23   | 10:12:22              | 100.000          | 106,00        | 10.600.000         | 12.265.085                                 |
| 47   | 20.11.23   | 12:42:02              | 1.173            | 103,50        | 121.406            | 12.266.258                                 |
| 47   | 20.11.23   | 14:57:50              | 1.000            | 103,50        | 103.500            | 12.267.258                                 |
| 47   | 20.11.23   | 15:29:34              | 5.090            | 104,00        | 529.360            | 12.272.348                                 |
| 47   | 20.11.23   | 15:29:34              | 5.049            | 104,00        | 525.096            | 12.277.397                                 |
| 47   | 20.11.23   | 15:29:34              | 632              | 104,00        | 65.728             | 12.278.029                                 |
| 47   | 21.11.23   | 10:10:02              | 100.000          | 104,00        | 10.400.000         | 12.378.029                                 |
| 47   | 21.11.23   | 11:24:23              | 100.000          | 104,00        | 10.400.000         | 12.478.029                                 |
| 47   | 21.11.23   | 15:30:36              | 200.000          | 104,00        | 20.800.000         | 12.678.029                                 |
| 47   | 23.11.23   | 11:07:49              | 100.000          | 104,25        | 10.425.000         | 12.778.029                                 |
| 47   | 23.11.23   | 12:24:40              | 100.000          | 104,25        | 10.425.000         | 12.878.029                                 |
| 47   | 23.11.23   | 15:11:35              | 200.000          | 104,25        | 20.850.000         | 13.078.029                                 |
| 47   | 24.11.23   | 11:12:58              | 100.000          | 109,00        | 10.900.000         | 13.178.029                                 |
| 47   | 24.11.23   | 12:46:07              | 100.000          | 109,00        | 10.900.000         | 13.278.029                                 |
| 47   | 24.11.23   | 14:49:56              | 100.000          | 107,50        | 10.750.000         | 13.378.029                                 |
| 47   | 24.11.23   | 15:10:03              | 100.000          | 107,25        | 10.725.000         | 13.478.029                                 |
|      |            |                       |                  |               |                    |                                            |
|      |            |                       | <b>1.313.944</b> |               | <b>138.520.090</b> |                                            |

Fyrir viðskiptin í viku 47 átti bankinn 12.165.085 eigin hluti, sem nemur 0,61% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 5.997.198 hluti, sem nemur 0,30% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 624.962.133.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa, allt að 9,5 milljónir hluti sem jafngildir 0,475% af útgefnu hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 27. október síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 27. febrúar 2024.

Frá upphafi endurkaupaáætlunar í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 13.478.029 eigin hluti eða sem nemur 0,67% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 296 /2014 um markaðssvik og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirbyggjandi.



Fréttatilkynning  
27 November 2023 11:22:00 GMT

**Frekari upplýsingar veita:**

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, [ir@islandsbanki.is](mailto:ir@islandsbanki.is)  
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, [pr@islandsbanki.is](mailto:pr@islandsbanki.is)

**Fjárhagsdagatal**

Fjárhagsdagatal Íslandsbanka er aðgengilegt á [vef bankans](#).

**Um Íslandsbanka**

Íslandsbanki er alhliða banki sem leggur áherslu á að koma til móts við þarfir viðskiptavina sinna og á sér langa sögu sem nær aftur til ársins 1875. Bankinn leggur áherslu á traustan rekstur og að hafa jákvæð áhrif í samfélaginu en hlutverk bankans er að vera hreyfiafl til góðra verka svo viðskiptavinir okkar nái árangri. Með framtíðarsýn um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu, vinna þrjár viðskiptaeiningar þétt saman til þess að viðhalda góðum viðskiptasamböndum. Markaðshlutdeild bankans er sterk og rekur bankinn skilvirkasta útibúanetið á landinu og styður um leið við viðskiptavinina sína á stafrænni vegferð þeirra. Umhverfið sem bankinn starfar í er eftirsóknarvert og er Íslandsbanki vel í stakk búinn að takast á við tækifærin framundan með öflugar tæknilegar stoðir og sterkan efnahagsreikning. Íslandsbanki er með lánshæfismatið A3 frá Moody's Investor Services og BBB/A-2 frá S&P Global Ratings. Hlutabréf bankans eru skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland.

**Viðhengi**

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun](#)